

## **Stjórnarfundur FNS 18. september 2015**

Mættir: Ingibjörg, Soffía, Olga, Margrét

### **Dagskrá:**

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar. Fræðslunefnd hefur fundað með Ingibjörgu, Gígju og Dóru. Búið er að finna ráðstefnustjóra; María Kristín Gylfadóttir. Enn á eftir að finna nafn á viðburðinn. Stjórnarkonur hvattar til að leggja höfuðið í bleyti. Búið er að búa til skráningarför sem Dóra hjá Rannís hefur útbúið. Allur kostnaður við ráðstefnuna er greiddur af NVL. Hugmynd að FNS bjóði félagsmönnum sínum uppá drykk í lok dags. Fræðslunefndin er að skipuleggja dagskrána eftir hádegi. Hugmynd að nota vinnustofur. Ingibjörg er að vinna að þessu f.h. stjórnar.

Rætt að félagsmenn greiði t.d. 1500.- kr. Soffía sér um greiðslufyrirkomulag.

Vangaveltur um hvort stjórnin þurfi að koma að einhverjum praktískum verkefnum á sjálfum deginum.

2. Netlisti FNS. Margrét heyrir í Arnar v/fns@fns.is sem að sögn er tengt heimasíðunni. Olga sér alfarið um félagaskrá og póstlista. Setja frétt á heimasíðuna um að hún sé í uppfærslu en að áfram sé hægt að senda póst á fns@fns.is

3. Samþykkt að umsóknir um félagsaðild séu samþykktar jafn óðum að því tilskildu að öll gögn liggi fyrir, en verði ekki tekna sérstaklega fyrir á stjórnarfundi.

4. Stefnumótunarfundur - Stjórnin ætlar að hitta aðila úr nefndum og ráðum. Ingibjörg er búin að prenta út hlutverk hverrar nefndar og hverir eru í hverri nefnd fyrir sig. Hver nefnd fær yfirlit yfir verkefni dagsins. Ingibjörg kemur til með að segja frá helstu verkefnum stjórnar þessa stundina. Stjórnin mun síðan taka saman helstu punkta frá þessum fundi og yfirfara.

5. Þurfum að láta Dóru hjá Euroguidance vita hvað við viljum fá styrk fyrir á næsta ári. Rætt um að leggja áherslu á ímyndar- og kynningarvinnu. Prentun og dreifing. Eins þyrfi að prenta út fleiri plaköt með siðareglunum. Rætt að senda kynningarrefni í alla skóla landsins.

6. Ný heimasíða. Samþykkt að Margrét heyri í Einari hjá Emstrum, fái skriflegt tilboð og setji hann af stað í þessa vinnu. Rætt að setja inn alls kyns efni og hvetja nefndir og ráð til að gera slíkt hið sama.

7. Önnur mál

Framhaldsskólakynning - rætt að Olga setji sig í samband við þá sem eru í forsvari fyrir þessum degi.

Stéttarfélagsmál rædd.

Rætt um mikilvægi þess að skráningar náms- og starfsráðgjafa séu á hreinu til að geta sýnt fram á hvernig störfum okkar er háttar. Olga sagði frá kerfi sem hún er að nota sem hefur komið vel út.